

Tillaga borgarfulltrúa Viðreisnar um um sameiginlegt sundkort fyrir höfuðborgarsvæðið

Lagt er til að tekið verði upp sameiginlegt sundkort fyrir allt höfuðborgarsvæðið. Lagt er til að unnið verði á vettvangi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að því að koma á sameiginlegu sundkorti fyrir allt höfuðborgarsvæðið. Þannig geti íbúar nýtt sundkort og árskort sem þau kaupa í sinni hverfislaug í öllum sundlaugum á höfuðborgarsvæðinu. Slíkt myndi fela í sér mikinn sveigjanleika fyrir íbúa alls svæðisins.

Greinargerð

Höfuðborgarsvæðið er eitt atvinnu- og íbúasvæði. Íbúar svæðisins leita gjarnan út fyrir sitt sveitarfélag til að njóta náttúru og heimsækja sundlaugar. Aðgangskort í sundlaugar höfuðborgarsvæðisins ættu því að gilda þvert yfir sveitarfélagamörk og auka þannig gæði þjónustunnar fyrir íbúa. Það skal tekið fram að ekki er verið að leggja til neina rekstrarlega sameiningu sundlauga heldur aðeins að auka framboð og gæði sem íbúum höfuðborgarsvæðisins er boðið uppá.

Fulltrúar Viðreisnar á höfuðborgarsvæðinu lögðu til á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þann 13. nóvember 2020 að tekið yrði upp höfuðborgarkort fyrir íbúa. Kortið átti að gilda sameignlega í sundlaugar, menningarhús og í bókasöfn. Tillögunni var vísað til stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vísaði umræðu um tillöguna inn á vettvang sveitarfélaganna en lítill áhugi var á slíku samstarfi þá. Var borið fyrir að verkefnið væri tæknilega flókið og tillagan sett ofan í skúffu. Nú fimm árum síðar hefur margt breyst og tæknibreytingum fleygir fram. Samstarfsvettvangur sveitarfélaganna hefur þróast og stofnuð hefur verið markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins sem m.a. hefur nú það verkefni að sameina borgarkort fyrir erlenda ferðamenn og gera það rafrænt.

Það er hagur allra íbúa á höfuðborgarsvæðinu að geta nýtt sér almenningssundlaugar þvert á sveitarfélög og það gera íbúar í miklum mæli, það er því mikil hagræðing falin í því að bjóða uppá sameiginlegt sundkort fyrir allt svæðið. Mörg fordæmi eru fyrir sameiginlegri notkun korta og má þar vísa í skíðakort á norðurlandi sem notað er þvert á skíðasvæði. Ásamt því má benda á að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa mörg hver gert samning við World Class sem þýðir að korthafar líkamsræktarstöðvarinnar hafa einnig aðgang að sundlaugum, þvert á sveitarfélög. Sveitarfélög hljóta því að geta fundið lausn til samstarfs í þágu allra íbúa.